



# Innbústrygging

## Skilmáli E-5

Um er að ræða tryggingu sem tryggir eingöngu innbú. Tryggingin hentar fyrir þá sem eru með annað innbú en það sem er tryggt undir Heimilsvernd. Hægt er að bæta við valkvæðri innbúskaskótryggingu.

Tryggingin samanstendur af skirteini ásamt áritun og sérskilmálum, skilmála þessum, almennum skilmála félagsins nr. AS-1 og ákvæðum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum almenna skilmálans, ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Þegar iðgjald er greitt af þessari tryggingu er jafnframt greitt náttúruhamfaratryggingariðgjald. Lausafjármunir þeir sem brunatrygging nær yfir verða þá sjálfkrafa tryggðir fyrir náttúruhamförum, svo sem jarðskjálftum, snjóflóðum, eldgosum og öðrum sambærilegum atvikum, eins og nánar er kveðið á um í lögum nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

## Skilgreiningar

**Félagið:** Vörður tryggingar hf.

**Tryggingartaki:** Sá einstaklingur sem tekur trygginguna í sínu nafni og er jafnframt greiðandi hennar.

**Tryggðir/ur:** Tryggingartaki og heimilisfólk hans.

**Heimili:** Sá staður sem gefinn er upp á skirteini sem tryggingarstaður.

**Innbú:** Lausafé og persónulegir munir sem fylgja almennu heimilishaldi og teljast ekki vera hluti af húseign eða fylgifé hennar. Við það skal miðað að innbú teljist allt það sem tryggðir myndu almennt flytja með sér ef þeir flyttu á milli heimila. Dyr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, bílar og önnur vélknúin ökutæki teljast ekki vera hluti af innbúi sem og vörur sem ætlaðar eru til sölu og/eða vinnslu.

**Tryggingarfjárhæð:** Sú fjárhæð sem tiltekin er á skirteini sem hámarksbætur fyrir hvern tryggingarlið fyrir sig.

### Efnisyfirlit:

- Innbústrygging
- Innbúskaskó (valkvætt)

## 1. Kafli. Innbústrygging

### 1. gr. Brunatrygging

#### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á tryggðum munum af völdum:

- eldsvoða.** Sviðnun eða bráðnun án þess að eldur verði laus er ekki eldsvoði í skilningi þessarar greinar.
- eldingar.** Með eldingu er átt við varma eða kraftverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar. Tryggingin bætir tjón af völdum eldingar þótt ekki verði laus eldur.
- sprenningar.** Hér er átt við efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamyndun og öflugri rúmtaksaukningu efna.
- skammhlaup í raftækjum.**
- sótfalls frá viðurkenndu kynditæki og eldstæði.** Þegar tjón verður við skyndilegar og ófyrirséðar ástæður.
- slökkvi- og björgunarstarfa.** Félagið greiðir sanngjarnan kostnað við björgun, flutning og geymslu á tryggðu innbúi þegar markmið ráðstöfunarinnar er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna. Það sama á við um innbú sem glatast við slökkvi- og björgunaraðgerðir.
- loftfars sem hrapar.** Hér er átt við tjón sem verður vegna loftfars eða hluta úr loftfari sem hrapar eða fellur af himnum ofan. Tryggingin bætir tjón þótt ekki verði laus eldur.

#### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- vegna sviðunar eða bráðunar, sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárnri, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar né tjón á munum, sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita.

- b. sem verða vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
- c. vegna skammhlaups í tækjum sem eru eldri en 10 ára.
- d. vegna skammhlaups sem ábyrgð seljanda nær yfir.
- e. vegna skammhlaups eða annars tjóns sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.
- f. vegna sóts sem safnast hefur fyrir smám saman við notkun kynditækja.

## 2. gr. Vatnstjónstrygging

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón af völdum:

- a. vatns, olíu og gufu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og eiga upptök sín innan veggja hússins.
- b. vatns sem streymir óvænt og skyndilega frá vatnsrúmum eða fiskabúrum vegna bilana.
- c. vatns sem flæðir úr hreinlætistöskjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum og vegna leka frá frystikistum og kælikápum.
- d. yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku þar sem vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur og niðurföll ná ekki að leiða það frá. Tryggingin bætir einungis tjón samkvæmt þessari grein sem orsakast af því að vatn kemst inn um þéttingar meðfram hurðum eða gluggum sem eru á jarðhæð eða í kjallara fasteignar.
  - Til að úrhelli teljist hafa átt sér stað skal úrkoma hafa verið meiri en 15 mm á 3 klst tímabili eða yfir 80 mm á 24 klst tímabili.
  - Það telst vera asahláka þegar snjór eða klaki bráðnar vegna hlýnunar þar sem hitastig á láglandi nær að lágmarki 5°C í 36–48 klst, með mikilli úrkomu og hvössum vindi, amk. 10 m/sek.

### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- a. sem verða ef vatn streymir óvænt eða skyndilega frá niðurföllum eða þakrennum.
- b. vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- c. vegna vatns sem þrýstist upp úr skólþ- eða frárennslisleiðslum eða ef skólþleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn sem berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- d. vegna utanaðkomandi vatns frá þökum, þakrennum, svölum eða vegna sjávarfalla, flóða eða grunnvatns.

### Varúðarreglur

- a. Í úpphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.
- b. Tryggðum er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa frá þeim aur eða klaka.

## 3. gr. Innbrotstrygging

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna:

- a. innbrots í læstri íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar.
- b. innbrots í sumarhús, hjólhýsi og veiðihúsi þegar búið er í þeim.
- c. skemmda í íbúðinni sökum innbrotsins, að undanskildum brotnum rúðum, með allt að 5% af tryggingarfjárhæð innbúsins.
- d. hámarksbætur í hverju innbrotstjóni í bifreið, einkabát, einkaloftfar, bílskúr og geymslu utan íbúðarhúsnæðis eru 5% af tryggingarfjárhæð innbúsins.

### Varúðarreglur

- a. Læsa ber tryggilega íbúðarhúsnæði, bílum og öðrum stöðum sem tryggingin tekur til þegar þeir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni.
- b. Tryggðum ber að loka og krækja aftur gluggum og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

## 4. gr. Þjófnaðar- og ránstrygging

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna:

- a. þjófnaðar úr ólæstri íbúð, þó ekki peninga, verðbréf, skartgrip og handrit. Bætur takmarkast við 5% af tryggingarfjárhæðinni.

- þjófnaðar úr grunnskóla, þó ekki peninga og skartgripi. Bætur takmarkast við 5% af tryggingarfjárhæðinni. Ákvæðið á eingöngu við um þjófnað á munum í eigu grunnskólanemenda og gildir einnig í íþróttahúsum, fristundaheimilum og á sundstöðum á vegum grunnskólans þegar nemendur eru í umsjá kennara.
- þjófnaðar á reiðhjóli, rafmagnshjóli, léttu bifhjóli í flokki I skv. skilgreiningu umferðarlaga, barnavagni og barnakerru. Hámarksbætur eru 1,5% af tryggingarfjárhæð.
- ráns, þ.e. töku tryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

#### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón vegna:

- þjófnaðar úr íbúð, hjólhýsi eða sumarhúsi sem hafa verið mannlau í 6 mánuði.
- þjófnaðar úr húsnæði eða farartækjum sem tryggður leigir eða lánar öðrum.
- þjófnaðar úr tjöldum eða tjaldvögnum.

#### Varúðarreglur

- Læsa skal íbúðarhúsum, farartækjum, bílskúrum, öðrum geymslum og iverustöðum, loka gluggum og krækja aftur.
- Ekki skal skilja við ólæsta íbúð mannlauða eða þegar heimilisfólk er í svefni.
- Ekki skal skilja annað en fatnað eftir í fatahengjum eða ólæstum fataskápum í grunnskóla, íþróttahúsi, sundstað og fristundaheimili.
- Reiðhjóli og léttu bifhjóli í flokki I ber að læsa þegar munirnir eru ekki inni í læstu húsnæði og geyma skal lykla á öruggum stað.
- Sýna skal aðgát við frágang barnavagns og barnakerru.

#### 5. gr. Brot- og hrunstrygging

##### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna brots eða hruns á innbúi á heimili tryggðs vegna tilfallandi bilana.

##### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- á verkfærum, snjalltækjum, heyrnartækjum, gervitönnum, gleraugum og úrum vegna brots eða hruns.
- af völdum vökva, sem hellist niður við brot eða hrun.
- vegna brots eða hruns af mannavöldum.

#### 6. gr. Snjópungatrygging

##### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða vegg húseignarinnar, þannig að tjón verði á innbúinu.

##### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- af völdum snjóflóða.
- sem er afleiðing byggingargalla.
- sem rekja má til ófullnægjandi viðhalds.

#### 7. gr. Fok- og óveðurstrygging

##### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna skemmda tryggða af völdum óveðurs (28,5 m/s eða meira) og tjónið er afleiðing þess að vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn varð.

#### 8. gr. Kæli- og frystivörur

##### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna ófyrirséðra stöðvunar á kælikerfi ísskáps eða frystikistu, enda leiði það til eyðileggingar á matvælum sem í þeim eru. Hámarksbætur eru 2% af tryggingarfjárhæð.

##### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón sem verður á ísskáp eða frystikistu vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins ef tækið er eldra en 5 ára og/eða ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins.

#### Varúðarregla

Tryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

#### 9. gr. Ofhitnun á þvotti

##### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna ofhitnunar (suðu) á þvotti í þvottavél eða þurrkara ef tjónið stafar af bilun í þessum tækjum. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta að tryggður leggi fram reikning fyrir viðgerð með bilunarlýsingu viðgerðaraðila.

##### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón á þurrkaranum eða þvottavélinni sjálfri.

#### Varúðarregla

Tryggður skal sjá til þess að notkun á þvottavél eða þurrkara sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

#### 10. gr. Skemmdarverk

##### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna skemmdarverka, þ.e. skemmda á tryggðum munum sem valdið er af ásetningi,

##### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- vegna skemmdarverka á munum sem voru utan dyra annars staðar en við heimili tryggðs.
- sem er valdið tryggðum sjálfum eða einhverjum einstaklingi sem heimild hefur haft til veru á heimili tryggða.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.

#### 11. gr. Hvað er tryggt?

Innbústrygging tekur til almenns innbús í eigu tryggða sem staðsett er á því heimili sem tiltekið er á skirteini.

##### Almennt innbú er:

- Innbú og persónulegir munir sem fylgja almennu heimilishaldi og telst ekki vera hluti af húseign eða almennu fylgifé hennar. Dyr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, mótorknúin tómsundaáhöld, bílar og önnur vélknúin ökutæki teljast ekki vera innbú í skilningi þessa skilmála.
- Gleraugu, gervitennur og heyrnatæki í eigu tryggða.

Til viðbótar við innbú skv. a. og b. lið. 11. gr. falla eftirfarandi munir undir innbústrygginguna með þeim takmörkunum sem getið er í hverjum lið fyrir sig:

- Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frimerkjasöfn sem bætast allt að 2% af fjárhæð innbús samkvæmt skirteini, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggðu þegar tryggingaratburður verður.
- Skartgripir og úr bætast með allt að 5% af fjárhæð innbús sem kemur fram á skirteini, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggða þegar tryggingaratburður verður.
- Bílstólar, þverbogar, skíðafestingar, hjólafestingar og ferðabox, hvort sem munir eru geymdir í bílskúr eða annarri geymslu á heimili tryggingataka sem tilgreint er á skirteini eða áfastir á eða í einkabifreið tryggða.
- Verkfæri, varahlutir, áhöld sem tryggður á og notar sem launþegi við atvinnu sína. Hámarksbætur eru 5% af tryggingarfjárhæð innbús.
- Einn umgangur af sumar- eða vetrarhjólborðum undir hvern einkabil sem skráður er á tryggðu og geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu. Hámarksbætur eru 5% af tryggingarfjárhæð innbús.
- Auka- og varahlutir sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu tryggðu og eru til einkanota, sem geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu. Hámarksbætur eru 2% af tryggingarfjárhæð innbús.

#### 12. gr. Ákvörðun bóta

Bætur miðast við að fjárhagsstaða tryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið, að svo miklu leyti sem unnt er.

Félaginu er heimilt að bæta tjón með peningagreiðslu, greiða kostnað við fullnægjandi viðgerð á hinum skemmda mun eða afhenda tryggðum heila samsvarandi muni og tjón varð á. Þegar um peningagreiðslu er að ræða nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins tryggða.

Bætur eru greiddar á grundvelli verðs nýrra muna að frádregnum afskriftum vegna aldurs og notkunar.

Þegar um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna hefur félagið heimild til þess að styðjast við eftirfarandi töflu. Afskriftir geta aldrei orðið meiri en 70% í þessari töflu.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Húsgögn	1 ár	10%
Rafmagnstæki	1 ár	10%
Reiðhjól, rafmagnshjól og létt bifhjól	1 ár	15%
Gólfteppi og önnur laus gólfefni	1 ár	20%
Skíða, golf- og útivistarbúnaður	1 ár	10%
Myndavélar og fylgihlutir	1 ár	15%
Gleraugu	1 ár	10%
Heyrnatæki	1 ár	20%

Eftirfarandi munir afskrifast að fullu eftir 3 ár. Fyrst þegar tækin eru 12 mánaða frá kaupdegi svo eftir það á 6 mánaða fresti.

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir
Snjallsimar og farsimar ásamt fylgihlutum	6 mánaða fresti	20%

Eftirfarandi munir afskrifast að fullu eftir 5 ár.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir
Spjaldtölvur og lófatölvur ásamt fylgihlutum	1 ár	20%
Borðtölvur, fartölvur og ihlutir ásamt fylgihlutum	1 ár	20%
Snjallur og snjalltæki ásamt fylgihlutum	1 ár	20%

- Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- Minjagildi bætist ekki.
- Glataðir og stólnir munir, sem koma fram eftir að bótagreiðsla hefur verið innt af hendi, eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Tryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar. Félagið getur krafist framvísunar á skemmdum munum sem það hefur bætt að fullu.

### 13. gr. Aukakostnaður vegna brottflutnings

Tryggingin bætir tjón á tryggðum munum sem verða kann vegna nauðsynlegra aðgerða til að forða þeim frá yfirvofandi bótaskyldu tjóni. Verði nauðsynlegt fyrir tryggðan að flytja af heimili sínu vegna bótaskylds tjóns þar, greiðist óhjákvæmilegur aukakostnaður vegna þess, þ.m.t. húsaleiga í sambærilegu húsnæði, þó aldrei hærri en sem nemur 1% tryggingarfjárhæðar á mánuði. Bætur greiðast þó ekki í lengri tíma en 6 mánuði.

### 14. gr. Hvar gildir tryggingin?

Innbústrygging gildir aðeins á Íslandi. Þegar tryggingartaki stendur í flutningum gildir tryggingin í 30 daga á bæði fyrra og seinna heimili tryggingartaka.

## 2. Kafli. Innbúskaskó (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skírteini.

**15. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón sem eiga rætur að rekja til skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á tryggingartímabilinu sem eru ekki bótaskyld samkvæmt 1. kafla um innbústryggingu.

**16. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón:

- vegna þjófnaðar.
- sem orsakast af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
- sem rekja má til eðlilegs slits, ófullnægjandi viðhalds svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi tryggðra muna.
- sem rekja má til dýra.
- sem rekja má til galla, rangrar samsetningar og innri bilana, svo sem vélrænna bilana.
- vegna tapaðra eða skemmdra gagna og/eða hugbúnaðar.
- á peningum, verðbréfum, handritum, mynt, frímerkjasöfnun og minjagildi.
- sem rekja má til myglu eða sveppagróðurs.
- sem rekja má til þess að tryggður munur er mislagður, gleymist, tynist eða skilinn eftir á almannafæri.
- sem rekja má til hvers konar meindýra.

**17. gr. Varúðarreglur**

- Læsa ber tryggilega heimilinu, bílum og öðrum stöðum þar sem verðmæti eru geymd þegar staðirnir eru mannláusir eða heimilisfólk í svefni. Enn fremur ber að loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.
- Hin tryggði skal ekki skilja við tryggða muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.
- Fara skal að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins tryggða.

**18. gr. Hvað er tryggt?**

Tryggingin tekur til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi. Tryggingin tekur einnig til innbús skv. d. og e. lið 11. gr. 1. kafla skilmálans.

**19. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Tryggingin gildir á Íslandi.

**20. gr. Önnur ákvæði**

Um tryggingu þessa gilda að öðru leyti skilmálar innbústryggingar eftir því sem við á.

Skilmáli þessi gildir frá 17.03.2025